

SKYRSLA UM SKOGRÆKLINA Á HALLORMSSTAÐ, UMDÆMI V. ÁRÍO 1924.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram á þessum skógarteigum og er höggið sundurlíðað á þessa leið:

Hólunum	196 hestb.
Svæðinu milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks.	199 -
Vörðuhrauni	164% -
Partinum	86% -
Flataskógi	2 -
	<hr/>
<u>Samtals:</u>	<u>648 hestb.</u>

Af efnivið hefur verið höggvið ca. 37 hestburði, það voru eingöngu mjóar renslur í girðingarstaure.

Ársvöxtur: Sumarið var kalt og solarlaust, með miklum rigningu óslitið að heita mátti, ársvöxtur varð því lítil, lengstu árssprotar urðu 15 þuml. Vorid var mjög kalt og skógurinn lifnaði mjög seint. 27. júní mátti heita að skógurinn væi orðinn grænn. Sá hlutinn sem hæst liggur, ber ekki lauf fyr en í júlí.

Frævöxtur: Fræ varð ekki fullþroska í ár. Að vísu var fræmyndun talsverð, en vegna solarleysis og stöðugra kulka váði fræið el að þroskast.

Berjavöxtur varð því nær enginn. Ribster þroskuðust ekki. Bláber sáust varla. Hrusaber alls ekki. Krækiber voru í einstaka stað.

Maðurur sást ekki á skóginum á þessu sumri.

Girðingin þurfti ekki mikilla viðgerða við, því veturinn var snjóléttur mjög. Fyrirbugað er að girða í sumar, fyrir ofan skóginn á því svæði, sem ógirt hefur verið til að loka úti ágang af fé að sumrinu. Lengd þessara girðingarkafla er ca. 1300 fadmar. Ennfremur er ákveðið að færa suburgirðinguna frá Selkletti og leggja hana fram og ofan í Selbetn og þaðan beina stefnu ofan fremst á Geitargerðinu ofan á Réttarklett við Fljótið. Við þá breytingu kemur Ljósárkinn innan í girðinguna.

Græðireiturinn: Engu var sáð í hann á þessu ári.

Dreift var af þessum tegundum:	Birki	860 stk.
	Reyniviður	110 -
	Lævirkjo	27 -
	Sibirik Öldgr.	45 -
	Kauðgreni	40
	<hr/>	
	<u>Samtals:</u>	<u>1.082 stk.</u>

Selt var úr græðireitnum:	Birki	69 stk.
	Reyniviður	177 -
	Víðir	58 -
	Lævirki	54 -
	Fura	11 -
	Græni	15 -
	<u>Ribs</u>	<u>8 -</u>
	Samtals:	329 stk.

Auk þess sent skógræktarstjóra:

	Birki	400 stk.
	Reynir	4000-
	<u>Lævirki</u>	<u>50 -</u>
	Samtals:	850 stk.

Alls lenti úr græðireitnum : 1.242 stk.

Vöxtur í græðireitnum var eðlilega lítil. Sumarið var mjög óhagstætt fyrir trjágróðurinn. Veturinn s.l. var að visu mjög mildur og kal var ekki til muna, nema á reynivið dálitið.

Furu og lævirkiaplentur, sem gróðursettar voru nyrst í græðireitnum lifðu allflestar. Það sem gróðursett var af skógarfuru í Mörkinni ofan við græðireitinn ¹⁹²³ lifnaði mest allt. Nokkrar þöntur höfðu ekki þolað flutninginn og kulnað út í vetur leið.

Eyggingar: Keyptur panell og þiljabur innan gangur inn í eldhúsið. Steyptir básar í ljósinu og keypt til þess 2 tn. af cementi. Byggt hláða á Ormsstöðum og keypt efni í 2, mænira og 4 stobir.

Ferðir fór eg engar árinu. Nauðsynlegt virðist að athuga grísjun á öllum stærri skógaravæðum hér í Múlasýslum, en peningar hafa ekki verið til ferðakostnaðar.

Hallormsstað 15. janúar 1925.
Guttormur Pálsson.